

Mánudaginn 26. maí 1975.

Nr. 120/1973. **Guðmundur Þorsteinn Ólafsson**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

**Fulltrúaráði Sjómannadagsins í Reykjavík
og Hafnarfirði og gagnsök**

(Þorsteinn Júlíusson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Magnús Þ.
Torfason.**

Samningsgerð. Umboð. Krafa um ógildingu löggernings.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 8. ágúst 1973. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum 200.000 krónur með 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 31. janúar 1974 að fengnu áfrýjunarleyfi 29. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða héraðsdómi, afhenti Árni Jónsson Barnaheimilissjóði Sjómannadagsins í Reykjavík 200.000 kr. í peningum, sem aðaláfrýjandi fékk honum í hendur vegna umsóknar hans um vistun á Hrafnistu.

Ósannað er, að fyrirvarsmönnum gagnáfrýjanda hafi mátt vera ljóst, að Árni Jónsson hafi ekki haft heimild aðaláfrýjanda til að ráðstafa ofangreindri peningafjárhæð fyrir hans hönd á þann hátt, sem raun varð á.

Samkvæmt þessu og þar sem ekki verður á það fallist, að ráðstöfunina beri að meta ógilda samkvæmt 32. gr. laga nr. 7/1936, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Í máli þessu hafa nokkrar dómskýrslur verið teknar á

segulhönd, en eigi skráðar í þingbók. Lögmenn aðilja samþykktu, að þessi aðferð yrði höfð, og vefengja eigi efni skýrslanna. Eru þær lagðar til grundvallar við úrlausn málsins. Um dómskýrslur, sem teknar eru á segulhönd, vísast til athugasemda í dómi Hæstaréttar frá 8. nóvember 1974 um þetta efni.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. maí 1973.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. apríl sl., er höfðað með sátta-kæru, birtri 9. september 1972. Sáttakæran var lögð fram á fundi sáttanefndar Reykjavíkur 11. september 1972, en sættir tókust þar ekki. Stefna var gefin út í málinu 13. september 1972, hún birt og málið síðan þingfest 14. september 1972. Greinargerð af hálfu stefnda var lögð fram 12. október 1972, og í því þinghaldi fengu aðiljar málsins sameiginlegan frest til öflunar gagna. Undirritaður dómari fékk málið til meðferðar 8. janúar 1973. Hann þingaði fyrst í málinu 15. janúar s. á., og 2. mars og 23. mars s. á. fóru fram aðilja- og vitnaleiðslur. Í þinghaldi 23. mars lýstu umboðsmenn aðilja því yfir, að gagnaöflun í málinu væri lokið. Munnlegur málflutningur fór fram 26. apríl sl., og var málið þá dómtekið, svo sem áður greinir.

Stefandi í málinu er Guðmundur Þorsteinn Ólafsson, Hrafnistu í Reykjavík, en stefndi fulltrúaráð Sjómannaþingsins í Reykjavík og Hafnarfirði. Stefndi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 200.000 með 7% ársvöxtum frá 5. júlí 1969 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómsins.

Sættir hafa verið reyndar í málinu, en sú viðleitni hefur ekki borið árangur.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi rekur í Reykjavík dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn undir nafninu Hrafnista. Á árinu 1968 fal-

aðist stefnandi eftir vist þar svo og einnig árið 1969, að því er hann heldur fram. Hann vistaðist á heimilið 8. júlí 1969 og hefur dvalist þar síðan, haft þar herbergi, fæði og þjónustu.

Um aðdragandann að vistun stefnanda á Hrafnistu greinir aðilja málsins á. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að í sambandi við vistun stefnanda hafi umboðsmaður hans, Árni Jónsson, komið að máli við forráðamenn stefnda og tjáð þeim, að stefnandi hygðist gefa Sjómannadeginum í Reykjavík og Hafnarfirði peningagjöf að fjárhæð kr. 200.000 til ráðstöfunar fyrir einhverja af stofnunum Sjómannadagsins samkvæmt nánari ákvörðun forráðamanna hans. Nefndur Árni Jónsson hafi síðan afhent peninga þessa til Guðmundar H. Oddssonar, gjaldkera stjórnar Fulltrúaráðs Sjómannadagsins, og hafi peningarnir síðan verið látnir renna til Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins í Reykjavík, sem þá hafi verið nýlega stofnaður. Hafi sú ráðstöfun verið í samráði við nefndan Árna. Síðan hafi verið gefið út gjafabréf, dagsett 5. júlí 1969, sem stefnandi hafi sjálfur fengið í hendur. Engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu stefnanda við þessa málsmeðferð fyrr en þrem árum síðar, er stefndi sé krafinn um endurgreiðslu á fénu á þeirri forsendu, að peningarnir hafi verið hugsaðir sem fyrirframgreiðsla á vistgjaldi. Sú skýring sé hins vegar fráleit þegar af þeirri ástæðu, að samkvæmt starfsreglum Hrafnistu sé aldrei tekið við fyrirframgreiðslum upp í vistgjöld, og hafi því aldrei komið til greina að gera slíkt í þessu tilviki.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum hins vegar lýst þannig, að þar sem hann hafi fengið synjun forráðamanna stefnda á vistplássi, hafi hann leitað til ættmanns síns, Árna Jónssonar, með það fyrir augum, að hann veitti atbeina sinn til þess, að stefnandi fengi vist á Hrafnistu. Þann 10. júní 1969 kveður hann nefndan Árna hafa haft samband við sig og jafnframt tjáð sér, að nú væri þess kostur að fá vistpláss. Sá hængur væri þó á, að ekki yrði hjá því komist að greiða kr. 250.000 upp í væntanlegan dvalarkostnað, ef málið ætti að ná fram að ganga. Hafi stefnandi samþykkt þá tilhögun og hinn 11. júlí 1969 fengið Árna í hendur umræddar kr. 250.000. Þegar hann hafi hins vegar krafist Árna um skriflega viðurkenningu forráðamanna stefnda fyrir því fé, sem Árni hafði mótttekið, hafi komið í ljós, að Árni hafi sjálfur „hagnýtt sér kr. 50.000.00 af fjárhæðinni“. Eftirstöðvarnar, kr. 200.000, hafi Árni afhent Guðmundi H. Oddssyni, gjaldkera stefnda, ekki sem fyrir-

framgreiðslu upp í væntanlegan dvalarkostnað, heldur, að því er virtist, sem gjöf til stofnunar, sem stefnandi hafi aldrei heyrt getið um, en sú stofnun heiti Barnaheimilissjóður sjómannadagsráðs. Þessi ráðstöfun hafi farið fram án vitundar stefnanda og að óvilja hans. Á viðfestan miða við svonefnt „gjafabréf“ á dskj. nr. 5 sé ritað með hendi Guðmundar H. Oddssonar eftirfarandi: „Árni Jónsson, Nesveg 72, móttók kvittun fyrir kr. 200.000.00 vegna gjafabréfs“. Umrætt gjafabréf sé dagsett 5. júlí 1969, þ. e. fimm dögum áður en stefnandi hafi fengið dvöl á Hrafnistu. Stefnandi hafi samstundis andmælt þessari ráðstöfun á fjármunum sínum og hafi forráðamenn stefnda þrífaldlega lofað að ráða bót á þessu og endurgreiða „gjafaféð“, en jafnan hafi þó verið viðhafður einhver fyrirsláttur í því efni, þegar eftir hafi verið leitað. Nú sé hins vegar langlundargeð stefnanda þrotið og vilji hann því hefjast handa um innheimtu „gjafafjárins“. Þess megi þó geta, að nefndur Árni hafi endurgreitt þær krónur 50.000, sem áður hafi verið minnst á.

Verða nú raktir framburðir aðilja og vitna að svo miklu leyti sem þeir teljast skipta máli.

Stefnandi sagði fyrir dómi, að það hafi einungis verið á árinu 1969, að hann leitaði eftir vistun á Hrafnistu. Hann sagði, að áðurnefndur Árni hafi tjáð honum, að ef hann borgaði kr. 250.000 í fyrirframgreiðslu, mundi hann þegar í stað komast inn á Hrafnistu. Hann sagðist aldrei hafa krafið Árna um kvittun fyrir nefndri fjárhæð, en hins vegar Pétur Sigurðsson, formann stjórnar stefnda, og Auðun Hermannsson, forstjóra Hrafnistu. Hafi hann krafið þá um slíka kvittun fyrir þann tíma, sem hann hafi fengið afhent áðurnefnt gjafabréf, en það hafi verið síðast í september eða í byrjun október 1969. Hann sagðist alveg hafa orðið hissa, þegar hann hafi séð umrætt gjafabréf, og þess vegna ítrekað reynt að ná tali af áðurnefndum Pétri og Auðuni svo og Guðmundi H. Oddssyni. Honum hafi alltaf verið tjáð, að hann gæti talað við forráðamenn stefnda, þegar fundur yrði haldinn, og loks hafi honum tekist að ná tali af þeim á slíkum fundi, nokkuð löngu eftir að hann hafi fengið afhent gjafabréfið. Ekki sagðist hann minnst þess, að forráðamenn stefnda hefðu beinlínis lofað endurgreiðslu umrædds fjár. Stefnandi sagði, að hann hefði aldrei heyrt á það minnst, að umræddir peningar ættu að vera gjöf til stefnda. Hann hefði alltaf staðið í þeirri meiningu, að þarna hefði verið um fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld að ræða, enda væri

af og frá, að hann hafi nokkurn tíma lofað Árna Jónssyni því, að hann, þ. e. stefnandi, ætlaði að gefa einhverri stofnun umrædda peninga. Að öðru leyti staðfesti stefnandi fyrir dóminum áðurgreinda málavaxtalýsingu af hans hálfu.

Áðurnefndur Árni Jónsson sagði fyrir dómi, að samkvæmt ósk stefnanda hefði hann fengið fyrir hann vistun á Hrafnistu. Hann hefði sagt við stefnanda, að hægara yrði að fá vist þar, ef lagðir væru fram peningar á einhvern hátt. Hann hefði haldið, að stefnandi ætti enga peninga, en þegar hann hefði farið að tala um að leita eftir peningaaðstoð annars staðar, hefði stefnandi sagt honum, að hann hefði nóga peninga. Stefnandi hafi svo komið til hans fríviljugur með peninga og sagt: „Hérna eru peningar, sem þú getur notað“. Þá hafi ekkert verið talað um það, að þessir peningar yrðu að vera gjöf til Hrafnistu. Peningarnir, að fjárhæð kr. 250.000, hafi verið afhentir honum án nokkurra skilyrða, til þess að hægt væri að koma stefnanda inn á Hrafnistu. Hann hafi haft fulla heimild til að ráðstafa fénu, hvernig sem hann vildi. Hann hafi síðan afhent Guðmundi H. Oddssyni kr. 200.000, sem tekið hafi við upphæðinni fyrir hönd Barnaspítalásjóðs Sjómannadagsráðs (sic). Guðm. H. Oddsson hafi þá sagt, að ekki væri tekið við öðru fé en gjafafé. Þegar hann hafi svo hitt stefnanda næst, hafi hann sagt honum, að hann væri búinn að láta þá hjá Hrafnistu hafa kr. 200.000, og hafi hann fengið stefnanda kvittun fyrir því, sem hann hljóti að hafa. Af hálfu Hrafnistu hafi honum verið fengið gjafabréf það, sem liggur frammi í málinu, og einnig kvittun fyrir upphæðinni. Hafi hann fengið stefnanda gjafabréfið. Stefnandi hafi þá ekki haft nein orð um það og ekki minnst á, að hann hefði talið þessa peninga vera fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld. Ekki sagðist hann muna, hvenær hann hefði fengið stefnanda gjafabréfið í hendur, en það hljóti þó að hafa verið á sama ári og bréfið var gefið út, án þess þó að hann myndi það. Ólíklegt sé, að það hafi verið ári seinna, því að stefnandi hafi komið til hans á hverjum einasta degi á vinnustað, þá með mikilli ánægju. Undir vitnið var borið eftirfarandi úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3: „Umbj. m. lofaði aldrei Árna Jónssyni að gefa nokkurri stofnun á vegum stefnda umrætt fé né heldur samsinnti hann þessari ráðstöfun Árna eftir á. Umrædd ráðstöfun var í öllu gerð í blóra við umbj. m. og er því hrein markleysa, enda var aldrei af hálfu forráðamanna stefnda um þennan svokallaða gjafagerning rætt við umbj. m. og ekki eftir samsinni hans leitað“. Vitnið sagði þetta vera rangt. Vitnið sagði og, að

stefnandi hefði aldrei leitað eftir neinni kvittun frá honum fyrir kr. 250.000. Vitnið sagði, að stefnandi og hann væru bræðrasynir.

Fyrir dóminn hefur komið Guðmundur Helgi Oddsson. Kvaðst hann fyrst hafa orðið gjaldkeri stjórnar Fulltrúaráðs Sjómannadagsins fyrir 31 ári og væri það enn. Hann sagði svo frá, að vorið 1969 hafi Pétur Sigurðsson, formaður Sjómannadagsráðs, tjáð honum, að í vændum væri gjöf til samtakanna. Hafi síðan verið rætt á stjórnarfundi, að stefnandi mundi gefa til samtakanna kr. 200.000, en því fylgdi ósk um, að hann fengi vistun á Hrafnistu. Frá fyrstu tíð, meðan verið var að byggja upp byggingarsjóð fyrir Hrafnistu, hafi sá háttur verið hafður á að leita eftir gjöfum hjá bæjarfélögum, einstaklingum og útgerðarfélögum, sem gefið hafi vissar upphæðir í sambandi við uppbyggingu Hrafnistu. Í sumum tilfellum hafi fylgt óskir frá gefendum um, að þeir gætu óskað eftir dvöl á Hrafnistu fyrir aðstandendur sína. Þannig hefðu þeir tekið á móti gjöfum í þúsundatali og í mörgum tilfellum hafi aðrir en gefendur komið með gjafirnar. Hafi þeir haft þann hátt á að gefa út kvittun fyrir mótttekinni greiðslu sem gjöf til Hrafnistu, en síðan hafi verið gefið út gjafabréf af stjórninni með þökk fyrir viðkomandi gjöf. Í hér umræddu tilfelli hafi aldrei verið rætt um annað en að umræddir peningar væru gjöf frá stefnanda. Hann hafi tekið við peningunum 23. júní 1969 og gefið út gjafabréfið 5. júlí s. á. Hann hafi sent það til Árna Jónssonar, vegna þess að hann hafði þá hvorki séð né heyrt stefnanda. Þá sagði nefndur Guðmundur, að allt frá því að vistanir hófust á Hrafnistu, hafi aldrei verið tekið við fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld og engin samþykkt liggi fyrir um, að það verði gert á næstunni. Vistgjöldum sé þannig háttað á Hrafnistu, að þeir, sem ekki eigi neinar eignir og hafi ekki af neinu að taka, fái frá Tryggingastofnun ríkisins eftir umsögn Hrafnistu tvöfaldan ellilífeyri og frá byrjun hafi verið reynt að haga vistgjöldum þannig, að þessi tvöfaldi ellilífeyrir hrykki fyrir vistuninni. Í samræmi við þetta hafi, þegar Guðmundur kom inn á Hrafnistu, verið sótt um tvöfaldan ellilífeyri fyrir hann, vegna þess að hann hefði verið talinn eignalaus. Hafi hann ekki borgað krónu í vistun hjá Hrafnistu, síðan hann kom. Þá sagði Guðmundur, að stefnandi hefði ekki fyrr en löngu seinna borið fram mótmæli við því, að um gjöf frá honum hefði verið að ræða. Ekki sagðist hann þó muna, hversu löngu seinna stefnandi hefði borið fram þessi mótmæli.

Fyrir dóm hefur komið Auðunn Sigurður Hermannsson. Hann kvaðst hafa verið forstjóri Dvalarheimilis aldraðra sjómanna, Hrafnistu, frá árinu 1964 til áramóta 1972—1973. Hann sagði, að stjórn Sjómannadagsráðs tæki við öllum gjöfum, skrásetti þær og gæfi út gjafabréf. Hins vegar hefði hann algerlega með allt að gera, sem við því kæmi að taka menn inn á heimilið. Stjórn Fulltrúaráðs Sjómannadagsins hefði óskað eftir því, að hann flýtti máli stefnanda, vegna þess að hann ætlaði að gefa gjöf. Af þeirri ástæðu hefði honum þótt sjálfsagt að verða við beiðni stjórnarinnar, enda þótt fyrir lægi langur listi yfir fólk, sem biði eftir vistun á Hrafnistu. Síðan hafi það gerst á árinu 1972, að stefnandi hafi byrjað að tala við hann um, að miklu af peningum hefði verið stolið af sér. Þetta hafi komið honum alveg á óvart, þar sem hann hafi ekki vitað betur en að stefnandi hafi gefið umrædda gjöf og á þeirri forsendu verið tekinn inn á heimilið. Hann hefði aldrei gefið stefnanda neitt loforð um það, að hann fengi umrætt fé endurgreitt. Hann hefði ekki haft nein afskipti af útgáfu nefnds gjafabréfs. Hann hafi afhent stefnanda það, en kvaðst ekki muna, hvenær það hafi verið. Hann sagði, að eftir að stefnandi hefði tjáð honum, að hann hefði alls ekki gefið samtökunum þetta fé, hafi hann ítrekað reynt að ná sambandi við Árna Jónsson, en aldrei tekist það. Þetta hafi hann gert til þess að reyna að hjálpa stefnanda og komast að því, hvort þarna hefði verið um einhvern misskilning að ræða. Stefnandi væri gamall maður og heyrði illa og þess vegna gæti verið, að hann hefði eitthvað misskilið. Hann sagði, að ekki tíðkuðust fyrirframgreiðslur á vistgjöldum hjá Hrafnistu. Undir vitnið voru borin sömu ummæli úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3, og borin voru upp fyrir vitninu Guðmundi H. Oddssyni. Vitnið sagðist ekki kannast við það, sem þarna stæði.

Fyrir dóm hefur komið Pétur Sigurðsson. Hann kvaðst vera formaður stjórnar stefnda. Hann sagðist minnst þess, að á árinu 1970 og 1971, alla vega einu sinni eða tvisvar, hafi stefnandi átt tal við hann á gangi inni á Hrafnistu og sagt eitthvað á þá leið, að hann vildi fá fé sitt til baka. Honum hafi þá ekki verið kunnugt um túlkun stefnanda á þessu máli og hafi því rætt það við þáverandi forstjóra Hrafnistu, Auðun Hermannsson. Hafi hann sett sig inn í málið, þar sem það hafði þá ekki komið til meðferðar hjá stjórn Sjómannadagsráðs, sem jafnframt sé stjórn Hrafnistu. Þetta hafi verið það fyrsta, sem hann hafi heyrt um þetta mál. Hann sagðist hafa í upphafi verið nokkur milligöngumaður um

umrædda gjöf. Til hans hefði komið kunningi hans, Guðbrandur Árnason, og spurt, hvort nokkur möguleiki væri á vistun fyrir stefnanda á Hrafnistu. Hann hafi tjáð nefndum Guðbrandi, hve áskipað væri, en þá hafi Guðbrandur spurt, hvort það gæti nokkuð greitt fyrir, ef þessi gamli maður gæfi samtökunum peningagjöf. Hann hefði tjáð Guðbrandi, að enginn vafi væri á því, að það flýtti fyrir og að tekið yrði með miklum velvilja á umsókn hans eftir það. Nefndur Guðbrandur hafi sagt honum, að vel kæmi til mála að þetta yrðu 200.000 til 250.000 krónur. Hann hafi síðan vísað Guðbrandi að ræða við gjaldkera samtakanna, sem hefði með þessi mál að gera. Hann hafi svo skýrt frá þessu á stjórnarfundum og þar hafi allir verið sammála um að gefa stefnanda meiri rétt en öðrum af þessu tilefni. Ekki sagðist hann kannast við það, að stefnandi hefði reynt að ná tali af honum eða öðrum forráðamönnum DAS til þess að leiðrétta þann misskilning, að þarna væri um gjöf að ræða, og fá kvittun fyrir þessari fjárhæð. Ekki kveðst hann hafa haft nein persónuleg afskipti af útgáfu gjafabréfsins. Áður en það hafi farið frá gjaldkera, hafi gjaldkerinn sýnt honum það og hann sannprófað, að upphæð gjafabréfsins og sú fjárhæð, sem kvittun hafði verið gefin fyrir, væri hin sama. Undir hann var borið hið sama úr greinargerð stefnanda á dskj. nr. 3 og borið var undir vitnin Guðmund H. Oddsson og Auðun Hermannsson. Hann kvaðst ekki kannast við það, sem þarna segði.

Texti umrædds gjafabréfs á dskj. nr. 5 er svohljóðandi: „Guðmundur Þorsteinn Ólafsson frá Skuld, Reykjavík, hefur gefið til barnaheimilissjóðs Sjómannadagsins kr. 200.000.00, — tvöhundruðþúsundkrónur —. Mótttekið með innilegu þakklæti fyrir hönd Sjómannadagsráðs. Guðmundur H. Oddsson, gjaldkeri“. Við gjafabréfið er festur svofelldur handskrifaður miði: „Árni Jónsson, Nesveg 70. Móttók kvittun fyrir kr. 200.000.00 vegna þessa gjafabréfs“.

III.

Stefnandi styður mál sitt með þeim rökum, að hann hafi aldrei lofað Árna Jónssyni að gefa nokkurri stofnun á vegum stefnda umrætt fé né heldur hafi hann samsinnt þessari ráðstöfun Árna eftir á. Umrædd ráðstöfun hafi með öllu verið gerð í blóra við stefnanda og sé því hrein markleysa, enda hafi aldrei af hálfu forráðamanna stefnda verið rætt um þennan svokallaða gjafagerning við stefnanda og ekki eftir samsinni hans leitað. Stefnda beri ótvírætt skylda til að endurgreiða stefnanda umrætt fé sam-

kvæmt almennum reglum, sbr. og 32. gr. laga nr. 7/1936. Atvik að gerningi þessum séu þannig vaxin, að heiðvirðir menn mundu ekki hafa tekið við gerningnum. Réttarskipanin eigi ekki að veita slíkum gerningum vernd sína. Forráðamönnum stefnda hafi verið og hafi mátt vera kunnugt, að hér hafi verið „einhverjir maðkar í mysunni“. Við munnlegan málflutning vitnaði umboðsmaður stefnanda einnig í 18. gr. laga nr. 7/1936, svo og mótmælti hann því sérstaklega, að um nokkurt tómlæti væri að ræða af hálfu stefnanda. ,

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi af fúsum og frjálsum vilja gefið á sínum tíma umrædda fjárhæð til Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, enda hafi hann tekið við gjafabréfinu á sínum tíma án athugasemda og ekki gert neinar athugasemdir fyrr en nú fyrir stuttu, að þremur árum liðnum. Á milli aðilja hafi því stofnast fullkomlega lögmætur gjafagerningur og engar ástæður hafi síðar komið fram, sem gefi stefnanda tilefni til riftunar hans.

Í annan stað er sýknukrafa stefnda á því byggð, að Áрни Jónsson, sem reiddi peningana af höndum fyrir hönd stefnanda, hafi komið fram sem umboðsmaður stefnanda og hafi hér verið um að ræða umboð, sem samsvari umboði samkvæmt 13. gr. laga nr. 7/1936, enda muni stefnandi hafa tjáð stefnda, að Áрни Jónsson kæmi fram fyrir sína hönd í öllu því, er varðaði vistun og önnur samskipti við Hrafnistu. Afhending peninganna sem gjöf hafi verið fullkomlega eðlileg í huga stefnda, enda peningagjafir mjög algengar til stofnana stefnda, ekki síst í sambandi við vistun. Þeir hafi því verið fullkomlega grandalausir og því hafi aðgerðir umboðsmannsins verið bindandi fyrir stefnanda, sbr. 10. gr. og 11. gr., 1. og 2. mgr., laga nr. 7/1936.

Í þriðja lagi er sýknukrafa stefnda rökstudd með því, að hafi stefnandi átt rétt á endurgreiðslu umræddra peninga, þá hafi sá réttur fallið niður fyrir tómlæti, enda þrjú ár liðin frá afhendingu peninganna, þar til hafist var handa um aðgerðir til að fá þá endurgreidda.

IV.

Áрни Jónsson var milligöngumaður fyrir stefnanda um vistun hans á Hrafnistu, dvalarheimili stefnda, þar sem stefnandi nú dvelur. Stefnandi fékk Árna í hendur peninga sem „fyrirframgreiðslu upp í vistgjöld“, að því er stefnandi heldur fram, en „án nokkurra skilyrða“, að því er Áрни fullyrðir. Kr. 200.000 af þess-

ari fjárhæð afhenti Árne Guðmundi H. Oddssyni f. h. stefnda, sem tók við fénu sem gjöf til Barnaheimilissjóðs Sjómannadagsráðs, sbr. dskj. nr. 5.

Handhöfn Árna á nefndri peningafjárhæð veitti Guðmundi rétt til að álíta Árna hafa umboð stefnanda til að ráðstafa umræddu fé.

Þegar virtir eru málavextir í heild, telst ósannað, að Árne hafi farið út fyrir heimild sína með ráðstöfun fjárins á þann hátt, sem raun varð á.

Ber því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda, enda er ekki fram komið, að vond trú hafi verið fyrir hendi af hálfu stefnda um nokkur þau atriði, að varðað gæti ógildi umrædds löggernings.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Það athugist, að í málsmeðferðinni hefur stefndi til þæginda-
auka verið nefndur Sjómannadagsráð, en eins og fram er komið, er aðilinn Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði vegna Hrafnistu, Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Björn Þ. Guðmundsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Fulltrúaráð Sjómannadagsins í Reykjavík og Hafnarfirði, skal sýkn vera af kröfum stefnanda, Guðmundar Þ. Ólafssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
